

Efnisyfirlit – Ársrit BHS v. starfsemi 2009

Stjórnir og/eða formenn aðildarféлага og starfsmenn BHS 2009....	6
Skýrslur starfsmanna	
– Gunnar Ríkharðsson.....	7
– Anna Margrét Jónsdóttir.....	13
– Kristján Óttar Eymundsson.....	14
Starfsemi í einstökum búgreinum 2009	
– Sauðfjárræktin – KÓE og AMJ.....	16
– Nautgriparæktin – ÞP og KÓE.....	20
– Hrossaræktin - GR.....	22
– Jarðræktin – KÓE og AMJ.....	23
Fjöldi búfjár á svæði BHS veturinn 2009-2010.....	25
Niðurstöður heysýna 2009.....	27
Fundargerð aðalfundar BHS 15. apríl 2010.....	28

Forsíðumynd:
Ljósmyndari:

Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda

Stofnað 1. janúar 2007

Stjórn, starfsfólk og formenn aðildarféлага BHS 2009

Stjórn BHS:

Aðalmenn:

Jón Gíslason, Stóra-Búrfelli
Linda Björk Ævarsdóttir, Steinnýjarstöðum
Matthías Lýðsson, Húsavík
Ólafur Benediktsson, Miðhópi
Skúli Einarsson, Tannstaðabakka

Varamenn:

Jón Kristófer Sigmarsson, Hæli
Jakob Sigurjónsson, Hóli
Rósa Jósefsdóttir, Fjarðarhorni
Matthildur Hjálmarsdóttir, Þóroddsstöðum
Örn Óli Andrésson, Bakka

Skoðunarmenn BHS

Rafn Benediktsson, Staðarbakka
Ólafur B. Óskarsson, Víðidalstungu

Formenn búgreinafélaga á svæði BHS

Félag sauðfjárbænda í A-Hún: Jón Kristófer Sigmarsson
Félag sauðfjárbænda í V-Hún: Böðvar Sigvaldi Böðvarsson, Mýrum
Félag sauðfjárbænda á Ströndum: Guðbrandur Björnsson, Smáhömrum
Félag kúabænda í A-Hún: Magnús Sigurðsson, Hnjúki
Nautgriparæktarfélag V-Hún: Pétur Sigurvaldason, N-Torfustöðum
Samtök hrossabænda í A-Hún: Magnús Jósefsson, Steinnesi
Hrossaræktarsamtök V-Hún: Þórir Ísólffsson, Lækjamóti

Ráðunautar:

Gunnar Ríkharðsson, framkvæmdastjóri
Anna Margrét Jónsdóttir
Þórður Pálsson
Kristján Óttar Eymundsson

Gunnar Ríkharðsson framkvæmdastjóri

Starfsemi BHS árið 2009

Efnahagsferfiðleikar í þjóðfélaginu héldu áfram að hafa áhrif á starfssemi Búnaðarsambandsins á árinu 2009 eins og var að nokkru leyti 2008. Sameiginleg fundahöld ráðunauta af öllu landinu voru nokkuð tíð til að fara yfir stöðu mála og skipuleggja aðgerðir og eins voru haldin endurmenntunarnámskeið á þessu sviði fyrir ráðunauta. Árið einkenndist þó af mikilli kyrrstöðu varðandi aðgerðir í skuldavanda bænda – eins og reyndar annarra í þjóðfélaginu. Þegar þetta er ritað í apríl 2010 er hugsanlega að komast hreyfing á hlutina - en það hefur svo sem verið sagt áður.

Hið hefðbundna starf á vegum BHS var í nokkuð föstum skorðum á árinu 2009 en til tilbreytingar fóru fram kosningar til búnaðarþings á aðalfundi BHS 2009 en kosið er svæðabundið fyrir hverja sýslu. Einnig var á vordögum kosið um breytingar á búvörusamningum.

Á félagssvæði BHS eru nú 16 búnaðarfélög og 7 búgreinafélög. Alls voru félagar í þessum félögum rúmlega 1.000 skv félagatölum sem bærust til BHS, en margir eru í fleiru en einu félagi. Alls eru nú um 580 virkir félagar í BHS - það eru þeir sem eru félagar í einhverju aðildarfélagi BHS og standa skila á árgjaldi til BHS og njóta þar með afsláttar af gjaldskrá.

Fundur formanna aðildarféлага BHS var haldinn í Sauðfjársetrinu á Ströndum 11. nóvember og var gestur fundarins Eyþór Einarsson ráðunautur í Skagafirði. Ræddi hann um niðurstöður verkefnis sem hann hefur verið að vinna að varðandi rafrænt kjötmat hjá sauðfé. Fundurinn heppnaðist vel og var vel sóttur.

Á fundi formanna og framkvæmdastjóra búnaðarsambandanna og BÍ í haust voru lagðar fram tillögur um breytingar á skipulagi leiðbeiningaþjónustunnar. Var þar miðað við öll ráðgjafastarfssemi yrði í einu sameiginlegu félagi á landsvísu. Tildrög þessa eru áætlanir um miklar skerðingar á framlögum frá hinu opinbera til ráðgjafaþjónustunnar á þessu ári og næstu árum. Þessar tillögur hlutu þó ekki afgerandi hljómgrunn á þessu stigi málsins hvað sem verður.

Starfsemi og starfsfólk

Á árinu 2009 var skráð vinna starfsmanna BHS um 6.400 klst eða um 3,9 ársverk og skiptust þau á 6 ráðunauta. Er þetta mjög svipað vinnuframlag og undanfarin 5 ár. Anna Margrét var í fæðingarorlofi fram til 1. apríl en Kristján tók 1,5 mánuð í fæðingarorlof seinni part sumars. Í annan tíma voru þau bæði ásamt Þórði í fullu starfi. Starfshlutfall hjá Svanborgu var

um 10%, um 16% hjá Hallfríði og starfshlutfall hjá mér var meira en áður hefur verið eða um 90%.

Í meðfylgjandi töflu má sjá hlutfallslega skiptingu vinnutíma hjá starfsmönnum BHS á einstaka vinnuliði. Vinna við búrekstraráætlanir flokkast undir viðkomandi búgrein og hefur sú vinna farið vaxandi enda auknar kröfur í bankakerfinu um góðar rekstraráætlanir og stöðugreiningu hjá þeim sem þangað leita eftir fyrirgreiðslu.

Undir “Miðlun” flokkast m.a. vinna við fréttabréf, ársrit o.þ.h. en undir “Ýmislegt” fellur m.a. stjórnun og umsýsla, vinna við bókhald, fundir ofl. Vinna við Þróunarverkefnið eykst á árinu og er það bæði vinna við úttektir og teikningar þeirra í kortagrunn en einnig var nokkur vinna í kringum endurgreiðslu á áburðarverði til bænda frá Bjargráðasjóði. Þá var einnig í gangi sérstakt átaksverkefni í jarðrækt sem skipulagt var af BÍ en ráðunautar af hverju svæði fyrir sig sáu um framkvæmdina. Um 15 bæir af okkar svæði tóku þátt í því verkefni. Af mínum vinnutíma fór um 25% í hross, 20% í bókhald BHS, um 10% í fundi og um 35% í umsýslu og stjórnun.

Tafla 1 Hlutfallsleg (%) skipting vinnutíma hjá starfsmönnum BHS á einstaka vinnuliði árið 2009 og skipting vinnu á búgreinar hjá BHS

VINNA	Vinna alls 2009 %						%	%	%
	2009						2009	2008	2007
	ÞP	SE	KOE	GR	AMJ	HO	BHS	BHS	BHS
Nautgripir	43	0	1	1	0	0	12,7	13,6	12,9
Sauðfé	17	78	39	0	49	53	26,9	28,4	30,9
Hross	8	0	3	25	3	0	9,5	9,3	9,1
Jarðrækt	3	0	11	0	10	0	5,0	6,4	3,5
Búfjárefntilvit	14	22	10	4	6	33	10,3	12,8	13,2
Þróunarverkefni	7	0	12	0	9	0	6,6	2,7	2,7
Símenntun	4	0	5	4	1	0	3,4	3,3	3,7
Miðlun	1	0	3	1	14	0	3,6	2,7	4,0
Ýmislegt	3	0	16	65	8	14	21,4	19,7	18,6
VINNA ALLS	100	100	100	100	100	100	100	100	100

Ekki eru miklar breytingar á hlutfallslegri vinnu við einstaka vinnuliði milli ára. Útgáfumál voru með svipuðu sniði og undanfarin ár, fréttabréf send út eftir þörfum og efni sett á heimasíðuna rhs.is til að koma því á framfæri til bænda. Í vaxandi mæli notum við tölvupóst til að koma

upplýsingum til bænda enda mjög fljótleg og ódýr leið til að miðla þekkingu og upplýsingum. Áætlað er að í haust verði allir bændur á okkar svæði búnir að fá möguleika á að tengjast háhraðanetsambandi og ætti það að auðvelda mjög alla upplýsingamiðlun og vinnu á netinu.

Ársrit BHS fyrir árin 2006-2008 var sent til bænda en kostnaður við prentun á því var um 390 þús. Tekjur af auglýsingum ná þó að greiða stærstan hluta af þeim kostnaði.

Búfjárefirlit

Búfjárefirliti var sinnt á árinu 2009 í samræmi við samkomulag þar að lútandi við sveitarfélögin og eru skráningar vegna gæðastýringar í sauðfjárrækt teknar út samhliða eftirliti. Drjúgur tími og umstang fer í þennan málaflökk og á stundum vildi ég gjarnan að við værum laus við hann. Helsti gallinn er þó sá að tími til vorkoðana er stuttur - þ.e. mars og fram í miðjan apríl – en mörgu öðru þarf einnig að sinna á þessum tíma en fjöldi skýrslna sem þarf að skila eru tæplega 500.

Á hverju ári koma upp mál sem taka þarf á en yfirleitt eru það sömu aðilar sem hlut eiga að máli. Árlegar heimsóknir til allra skepnuhaldara á okkar svæði gefa þó mikla möguleika á góðum tengslum og vettvang fyrir skoðanaskipti og ráðleggingar. Mikilvægt er einnig að hafa í huga að langflestum tilfellum er allt í stakasta lagi og aðbúnaður og fóðrun skepnueigendum til mikils sóma.

Búfjárefirlit minnr þó stundum á bankaefirlit – á meðan menn halda að allt sé í lagi er fundið að því að þetta sé óþarft og dýrt – þegar í ljós kemur að eitthvað var raunverulega ekki í lagi er fundið að því að eftirlitið hafi ekki staðið sig við að koma í veg fyrir það - en það er oft gott að vera vitur eftir á.

Skil á skýrslum að hausti þarf þó að bæta. Það er of mikil vinna hjá okkur við að ná inn skýrslum og þarf að ganga úr skugga um að sveitarfélögin hafi nauðsynleg úrræði í sínum gjaldskráum til að hægt sé að innheimta gjald af þeim sem ekki skila á réttum tíma.

Þróunarsjóður

Stjórn BHS ákvað að á árinu 2009 yrðu styrkir úr Þróunarsjóðnum veittir nemum af okkar svæði sem stunda landbúnaðartengt nám. Eftirtaldir nemar fengu 50 þús kr styrk hver:

Sigríður Ólafsdóttir, Víðidalstungu - er á öðru ári í framhaldsnámi (meistaránámi) í búvísindum við Landbúnaðarháskóla Íslands - hefur numið í Noregi að undanfögnu

Sonja Línadal, Lækjamóti - er á öðru ári í dýralæknanámi í Kaupmannahöfn

Eyrún Ösp Skúladóttir, Tannstaðabakka - er á öðru ári í búvísindanámi við LBHÍ

Einar Reynisson, Syðri Völlum - er á þriðja ári í háskólanámi í hestafræðum sem er námslína sem er kennd að hluta til við LBHÍ og að hluta við Háskólann á Hólum

Gunnar Reynisson, Syðri Völlum - er á þriðja ári í háskólanámi í hestafræðum sem er námslína sem er kennd að hluta til við LBHÍ og að hluta við Háskólann á Hólum

Stella Guðrún Ellertsdóttir, Sauðá - er á fyrsta ári í háskólanámi í hestafræðum sem er námslína sem er kennd að hluta til við LBHÍ og að hluta við Háskólann á Hólum

Þorkatla Inga Karlsdóttir, Þorfinnsstöðum - er á öðru ári í Búfræðinámi við LBHÍ

Erla Rún Guðmundsdóttir, Bergsstöðum Svartárdal - er á fyrsta ári í Búfræðinámi við LBHÍ

Guðni Ellertsson, Sauðá - er á fyrsta ári í Búfræðinámi við LBHÍ

Katrín Sif Rúnarsdóttir, Neðra Vatnshorni - er í námi í ferðamálafræðum við Háskólann á Hólum

Leifur Georg Gunnarsson, Hvammstanga - er á fyrsta ári í hestafræðum á Hólum

Endurbætur á húsnæði

Á síðasta aðalfundi var samþykkt ályktun um að fara í nauðsynlegar endurbætur á húsnæðinu á Blönduósi. Nýlega var endurnýjað gólfefni á stigagangi og málað og það liggur fyrir að lagfæra klósett eða fara í ákveðnar breytingar á staðsetningu þeirra sem myndi skila okkur einu vinnurými til viðbótar. Hefur þá aðeins verið horft til þess að haustið 2011 verða breytingar á skipulagi dýralæknisþjónustu á okkar svæði þegar ráðinn verður sameiginlegur héraðsdýralæknir fyrir allt norðurland vestra þ.e. Skagafjörð, Húnavatnssýslur og Bæjarhrepp. Sá aðili verður að líkindum staðsettur sem næst miðju svæðisins og gæti þá hugsanlega leigt aðstöðu hjá okkur.

Einnig er unnið að því að fara í endurbætur á gluggum hússins í sumar en það gæti verið kostnaður upp á 6-8 milljónir en af því ber BHS tæp 20%. Einnig er gert ráð fyrir endurbótum utan húss á Hvammstanga en kostnaðarhlutdeild BHS þar er á bilinu 2-3%.

Stjórn BHS

Stjórn BHS hefur komið saman á fjórum formlegum fundum frá síðasta aðalfundi.

Mál til Búnaðarþings 2010 frá BHS:

Stjórn Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda beinir því til Búnaðarþings 2010 að mótmæla harðlega öllum hugmyndum um sameiningu Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og Iðnaðarráðuneytis í eitt Atvinnuvegaráðuneyti.

Mikilvægt er að treysta faglegt starf og sérhæfingu þeirra ráðuneyta sem fara með málefni grunnatvinnuvega þjóðarinnar.

Stjórn Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda skorar á Búnaðarþing 2010 að fylgja því vel eftir að sú áætlun sem gerð var til að koma upp öflugum háhraða netsambandi í öllu dreifbýli landsins gangi eftir. Er þá bæði litið til tímaáætlunar og gæða netsambands.

Stjórn Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda skorar á Búnaðarþing 2010 að sjá til þess að fyrirhugaðar breytingar á skipulagi dýralæknajónustu í landinu leiði ekki til þess að dýralæknajónusta við dreifðar byggðir skerðist á nokkurn hátt frá því sem verið hefur.

Stjórn Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda skorar á Búnaðarþing 2010 að skoða hvort þörf sé að endurskoða lög um Búfjárhald svo auðveldara verði að koma í veg fyrir slæma meðferð búfjár og refsna þeim sem það gera.

Stjórn Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda skorar á Búnaðarþing 2010 að beina því til stjórnvalda að umsókn Íslands um aðild að ESB verði dregin til baka.

Stjórn Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda skorar á Búnaðarþing 2010 að þakka íslenskum neytendum það traust sem þeir hafa sýnt íslenskum bændum og þær góðu viðtökur sem íslenskar landbúnaðarvörur hafa fengið. Íslenskir bændur munu halda áfram að tryggja íslenskum neytendum hollar gæðavörur á sanngjörnu verði.

Stjórn Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda skorar á Búnaðarþing 2010 að skoða hvort ástæða sé til þess að BÍ taki upp reglur um kynjahlutföll í stjórnnum, nefndum og ráðum á þess vegum.

Rekstur BHS á árinu 2009

Ég hef séð um að færa bókhald BHS og gera það upp en BHS er ekki framtalsskyt en þarf að skila öllum upplýsingum til skattayfirvalda um launagreiðslur og virðisaukaskatt.

Rekstur BHS á árinu 2009 gekk þokkalega og skilaði um 3,5 milljónum í hagnað fyrir utan fjármagnsliði en að þeim meðtöldum varð hagnaður um 5,3 milljónir. Veltan á árinu var um 48,6 milljónir en það er um 8% aukning frá árinu áður. Búnaðarsjóður skilar okkur um 12,6 milljónum eða um 26% af heildartekjum. Tekjur af kúasæðingum lækka enda gjaldskrá kúasæðinga lækkuð verulega á síðasta aðalfundi.

Laun og starfsmannatengdur kostnaður var um 22,3 milljónir og hækkar um 9% milli ára. Laun frjótækna eru greidd sem verktakalaun og eru því ekki inni í þessari tölu en alls fengu þeir greiddar um 10,2 milljónir á árinu en innifalið í þeirri upphæð eru bæði vinna og akstur.

Búnaðarsambandið á nú tvær bifreiðar og gekk rekstur þeirra nokkuð vel á árinu. Alls voru eknir á þeim um 37 þús km og var kostnaður á ekinn km um 49 kr að teknu tilliti til afskrifta en ekki vaxta af fjárfestingu. Er það um 20% hækkun frá síðasta ári.

Ég vil þakka bændum og starfsmönnum ánægjuleg samskipti á liðnu ári.

Anna Margrét Jónsdóttir

Starfsskýrsla 2009

Verkþættir	%
Sauðfjárrækt	49
Nautgriparækt	0
Hrossarækt	3
Jarðrækt	10
Búfjárefirlit	6
Þróunarverkefni	9
Símenntun	1
Miðlun	14
Ýmislegt	8

Ég var í fæðingarorlofi fyrstu þrjú mánuði ársins 2009 en kom þá til fullra starfa sem fyrr.

Sauðfjárrækt

Starf mitt fór sem fyrr að stærstum hluta í sauðfjárrækt. Vega þar lambaskoðanir á haustin þyngst en auk þess fer mikill tími í aðstoð vegna skýrsluhalds, frágang á afkvæmarannsóknunum, sæðingar í desember og annað tengt sauðfé.

Hrossarækt

Sá hluti minnar vinnu sem flokkast undir hrossarækt, felur fyrst og fremst í sér vinnu við skráningar og upplýsingaleit í Worldfeng og aðra aðstoð við skýrsluhaldið.

Jarðrækt

Ég missti sökum fæðingarorlofsins af stærstum hluta áburðaráætlanagerðar en þó fór einhver tími í áburðartengdar leiðbeiningar. Auk þess teiknaði ég nokkur túnkort og aðstoðaði bændur sem voru að byrja að nota www.jörð.is.

Önnur verkefni

Ég náði í skottið á búfjárefirlitsheimsóknunum, þó það hafi verið í minna mæli en áður. Mikill tími fór í úttektir á þróunarverkefnum um haustið. Ég hef haft fréttabréf BHS og ársrit mestan part á minni könnu og einnig hef ég séð um að uppfæra ýmsar upplýsingar á heimasíðu BHS eftir þörfum. Flesta daga fer síðan einhver tími í óskilgreind verkefni sem flokkast undir ýmislegt.

Að lokum við ég þakka bændum á starfssvæði BHS kærlega fyrir gott samstarf á árinu.

Anna Margrét Jónsdóttir

Kristján Óttar Eymundsson

Starfsskýrsla 2009

Ég var í fullu starfi á árinu fyrir utan einn og hálfan mánuð þegar ég var í fæðingarorlofi í ágúst og fyrri hluta september. Vinnan skiptist eftirfarandi eftir verkefnum:

Verkefni	Hlutfall
Sauðfjárrækt	39%
Nautgriparækt	1%
Hrossarækt	3%
Jarðrækt og þróunarverkefni	23%
Búfjárefirlit	10%
Miðlun	2%
Endurmenntun	6%
Annað	16%
	100%

Sauðfjárrækt

Sem fyrr fer stærsti hluti minnar vinnu í sauðfjárræktina. Lambaskoðun að haustinu vegur þar þyngst. Einnig fór töluverður tími í sjálft skýrsluhaldið, bæði við að aðstoða bændur og síðan við umsýslu á gögnum. Mjög margir bændur eru farnir að nota netFjávís og þurfti að aðstoða bændur töluvert með hann. Eins fór töluverð vinna í kynbótastarfið er tengist sæðingum og hrútakaupum. Fyrir hluta bænda þarf líka að sjá um að panta merki í ásetningslömb. Gerði rekstraráætlanir fyrir 6 sauðfjárnú á árinu. Enn eru bændur að koma inn í gæðastýringuna og aðstoðaði ég nokkra bændur með þær umsóknir og eins vegna nýliðunarstyrkja og greiðslumarkskaupa. Ég mætti með erindi á allmarga fjárræktarfélagsfundi á árinu, einnig var ég með Jóni Viðari á fundi um sæðingastöðvarhrútana í Sævangi um miðjan nóvember. Var með erindi á bænda fundi á Blönduósi í lok nóvember sem FSAH boðaði til.

Nautgriparækt

Sinnti nautgriparæktinni nánast ekkert á árinu.

Hrossarækt

Aðstoðaði lítilliga bændur við skil á skýrslum, eigendaskipti og við að gera leiðréttingar í Worldfeng. Vann við kynbótasýningu sem var haldin í júní á Blönduósi.

Jarðrækt og þróunarverkefni

Sinnti jarðvegssýnatöku sem hefur verið umfangslítill síðustu ár og kom einnig að áburðarleiðbeiningum. Fór í heimsóknir á nokkur bú til að sinna jarðræktarráðgjöf. Vann með Árna Snæbjörnssyni við skurðamælingar um miðjan september. Hafði umsjón með jarðabótaúttektum og skráningum á þeim. Úttektir fólust m.a. í því að mæla uppgröft úr skurðum og umfang jarðræktar hjá bændum. Eins voru teknar út vatnsveituf framkvæmdir og endurbætur á útihúsum. Í loftmyndagrunn Loftmynda ehf teiknaði ég inn nokkur túnkort fyrir bændur. Var á kornræktarfundum með bændum í Víðihlíð í lok febrúar og á áburðarnámskeiði með bændum í Sævangi í byrjun apríl. Mætti einnig á nokkra búnaðarfélagsgöngu. Var með Guðna Þorvaldssyni þegar hann var að sá í grasræktartilraunir á Torfalæk. Fór í 3 heiðarskoðanir í V-Hún með viðkomandi fjallskilastjórnnum til að meta ástand gróðurs.

Búfjárefntilvit

Mikill tími fór í búfjárefntilvit. Það var fyrst og fremst vegna heimsóknar að vorinu en einnig vegna skila á forðagæsluskýrslum að haustinu. Fylgdist með framgangi skila á skýrslum og úttektum að vori.

Miðlun

Kom töluvert að útgáfu fréttabréfa, bæði með skrifum í þau og fjölritun á þeim. Setti inn fréttir og fróðleik inn á heimasíðuna og skrifaði skýrslur í ársritið.

Endurmenntun

Mætti á Fræðing Landbúnaðarins í febrúar. Fór á tveggja daga fjármálanámskeið í Reykholti í lok apríl og á samræmingarnámskeið sauðfjárdómara á Blönduósi í byrjun september. Seinnipart október mætti ég á fjármálafund á Sauðárkróki og í lok mánaðarins á búfjárefntilvitfundum í Reykjavík.

Annað

Flesta daga fer nokkur tími í óskilgreind verkefni. Þar má telja ýmis konar tölvuvinnu, símsvörun og þríf á skrifstofuhúsnæði. Þarna er líka einhver akstur eins og til og frá Hvammstanga. Hluti af tímanum fór í að fylla út umsóknir til Bjargráðsþjóðs og ganga frá úttektarvottorðum til Framleiðnisþjóðs. Mældi bakkalengd á Fitjanni, Víðidalsánni, Laxá á Ásum og hnitsetti Vatnsdalsá fyrir viðkomandi veiðifélög.

Þakka samstarfsfólki og bændum á svæðinu gott samstarf á árinu.

Kristján Óttar Eymundsson

Sauðfjárræktin 2009


Kristján Óttar Eymundsson
Anna Margrét Jónsdóttir

Árið 2009 reyndist ágætt ár í sauðfjárræktinni enda vorið sérlega gott, sumarið hlýtt og haustið áfallalaust. Afurðir eftir hverja vetrarfóðraða á jukust um 0,5 kg í báðum Húnavatnssýslunum en drógust heldur saman á Ströndum og skilaði meðalærin þar 0,4 kg minna en árið á undan. Í heild var því aukning um 0,2 kg eftir hverja skýrslufærða á á svæðinu.

Fjárræktarfélag	Félagar	Fjöldi áa á		F. lömb		Fall- þungi	Gerð	Fita	
		skýrslu	kg/á m.	kg/hv. á	Lömb t.n. e.100 ær				
Blævur	2	427	36,0	32,6	172	171	19,5	9,1	8,0
Von	10	2.065	30,2	28,8	185	155	16,2	9,2	6,7
Kaldraneshrepps	4	971	31,3	29,6	183	167	16,9	9,1	7,0
Hólmavíkurhrepps	7	1.146	32,3	30,8	182	178	17,9	9,2	7,5
Kirkjubólshrepps	9	2.684	33,3	31,9	193	166	17,3	9,5	7,1
Norðri	10	2.517	29,7	28,1	181	171	16,3	8,4	6,5
Stefnir	13	6.366	28,6	27,2	183	174	15,6	8,6	6,6
Strandasýsla 2009	57	16.598	30,4	28,9	184	172	16,4	8,9	6,8
Strandasýsla 2008	61	16.685	31,2	29,3	184	171	16,8	9,0	7,1
Strandasýsla 2007	64	16.798	30,0	28,6	184	171	16,3	8,9	7,1
Staðarhrepps	11	3.538	30,2	29,0	183	172	16,6	8,9	6,8
Fr-Torfustaðahr.	12	3.858	28,5	26,9	178	165	16,1	8,7	7,1
Ytri-Torfustaðahr.	17	3.745	30,5	28,7	183	169	16,6	9,2	7,2
Vatnsnesinga	24	5.928	32,6	31,2	192	179	17,1	9,1	6,8
Víðdælinga	13	2.899	29,7	27,8	179	166	16,6	9,1	7,0
V-Hún 2009	77	19.968	30,6	29,0	184	171	16,7	9,0	7,0
V-Hún 2008	79	20.588	30,4	28,5	184	169	16,6	9,0	6,9
V-Hún 2007	79	20.267	29,5	27,8	183	169	16,2	8,8	7,2
Sveinstaðahrepps	27	10.216	28,3	26,5	177	164	15,9	8,6	6,8
Svínavatnshrepps	26	5.545	26,6	24,6	171	158	15,3	8,2	6,5
Engihlíðarhrepps	12	2.326	28,5	26,5	176	157	16,5	8,8	7,4
Skagahrepps	14	3.794	26,5	24,6	173	154	15,8	8,1	6,8
A-Hún 2009	96	26.030	27,2	25,2	172	158	15,7	8,3	6,7
A-Hún 2008	99	25.347	26,9	24,7	172	157	15,5	8,0	6,4
A-Hún 2007	97	24.755	25,5	23,3	171	154	14,8	7,7	6,1
BHS 2009	230	62.596	29,1	27,4	179	166	16,2	8,7	6,8
BHS 2008	239	62.620	29,2	27,2	179	165	16,2	8,6	6,7
BHS 2007	240	61.820	28,0	26,2	178	164	15,7	8,4	6,7

Afurðir síðustu ára eru settar fram myndrænt hér fyrir neðan þar sem súlurnar sýna fædd lömb eftir hverja vetrarfóðraða á og línurnar sýna afurðir í kg eftir hverja vetrarfóðraða á. Þar sést glögg að Austur-

Húnvetningar þurfa að taka sig verulega á til að ná upp þessum 12 lamba mun eftir hverjar 100 vetrarfóðraðar ær. Vestur-Húnvetningar skriða nú í fyrsta skipti aðeins upp fyrir Strandamenn í afurðum eftir hverja vetrarfóðraða á en þessar sýslur hafa lengi vel verið afar jafnar og eru nú í fyrsta og öðru sæti á landsvísu.



Í töflunni hér fyrir neðan má sjá þá sem mestar afurðir höfðu eftir hverja vetrarfóðraða á, í hverri sýslu fyrir sig. Miðað er við að á búunum séu að lágmarki 100 skýrslufærðar ær. Efstu búíð á svæðinu er að sjálfsögðu Skjaldfönn sem setti á árinu íslandsmet í afurðum með 39,4 kg eftir hverja vetrarfóðraða á og má geta þess að eftir á með lambi voru afurðirnar 40,5 kg!


Sýsla	Eigendur	Bær	Kjöt		
			Fjöldi áa	kg e. hv. á	Fædd lömb
Strandir	Indriði og Lóa	Skjaldfönn	211	39,4	1,91
Strandir	Jón og Erna	Broddanesi 1	302	34,7	1,94
Strandir	Ragnar og Sigríður	Heydalsá	421	34,1	1,97
Strandir	Guðbrandur og Lilja	Bassastöðum	227	33,5	1,93
Strandir	Guðjón Sigurgeirsson	Heydalsá	341	33,3	1,94
V-Hún	Þormóður og Borghildur	Sauðadalsá	460	38	2,08
V-Hún	Ellert og Heiða	Sauða	384	37	2,07
V-Hún	Baldur og Olga	Saurbæ	420	35,3	2,16
V-Hún	Benedikt og Sigrún	Bergsstöðum	399	33,2	2,03

V-Hún	Magnús Guðmundsson	Helguhvammi 2	170	33,2	1,98
A-Hún	Lúther og Sigríður	Forsæludal	245	33,4	2,04
A-Hún	Magnús og Líney	Steinnesi	521	32,5	1,88
A-Hún	Jóhanna og Gunnar	Akri	157	29,9	1,87
A-Hún	Sigursteinn Bjarnason	Stafni	264	29,9	1,82
A-Hún	Pétur og Þorbjörg	Hólabæ	210	29,6	1,78


Í næstu töflu hér fyrir neðan má sjá þá bæi sem hæst stóðu í hverri sýslu fyrir sig hvað gerðarmat sláturlamba snertir. Sem fyrr er miðað við að til grundvallar liggja mat á að lágmarki 100 sláturlömbum frá hverju búí. Þar standa hæst á svæðinu hjónin á Akri í A-Hún með stórglæsilegt gerðarmat upp á 12. Gaman er að segja frá því að efstu búin á landsvísi með annars vegar afurðir eftir vetrarfóðraða á (Skjaldfönn) og hins vegar hæsta gerðarmatið (Akur) eru bæði af svæði BHS og megur við vera stolt af því.

Sýsla	Eigendur	Bær	Fj. slátur- lamba	Fall- þungi	Gerð	Fita
Strandir	Jón og Erna	Broddanesi 1	248	18,23	11,02	7,38
Strandir	Guðjón Sigurgeirsson	Heydalsá	488	17,58	10,52	7,01
Strandir	Guðbrandur og Björn	Smáhömrum	315	17,82	10,39	8,04
Strandir	Rögnvaldur Gíslason	Gröf	330	17,69	10,17	7,05
Strandir	Ragnar og Sigríður	Heydalsá	490	17,87	10,11	6,80
V-Hún.	Sigvaldi og Þóra	Urriðaá	552	17,95	11,09	7,74
V-Hún.	Benedikt og Sigrún	Bergsstöðum	723	17,17	10,35	5,89
V-Hún.	Gunnar og Matthildur Elín Anna og Ari	Þórodsstöðum	567	17,76	10,33	7,17
V-Hún.	Guðm.	Bergsstöðum	694	17,31	10,18	7,51
V-Hún.	Magnús Elíasson	Stóru-Ásgeirsá	106	17,16	10,12	6,62
A-Hún	Jóhanna og Gunnar	Akri	240	18,28	12,00	8,02
A-Hún	Jóhanna og Grímur	Reykjum	289	16,49	10,20	7,20
A-Hún	Jón og Kristjana	Stóra-Búrfelli	206	16,55	10,11	7,84
A-Hún	Björn og Dagný	Ytra-Hóli	165	17,75	10,02	7,79
A-Hún	Magnús og Líney	Steinnesi	891	18,20	10,00	7,71

Næstu tvær myndir sýna annars vegar umfang lambaskoðana og hins vegar sæðinga með fersku sæði á árinu 2009. Lambaskoðun tók aftur stökk upp á við á síðasta ári og vegur þar reyndar þungt að afkvæmarannsókn sæðingastöðvanna var á Heydalsárbæjunum báðum og voru því skoðuð á annað þúsund lömb þeim bæjum einum.



Sæðingar aukast áfram jafnt og þétt og sýnir það vonandi áframhaldandi aukinn áhuga á ræktunarstarfinu.



Nautgriparæktin 2009

Þórður Pálsson

Á svæði Búnaðarsambandsins eru nú 44 bú í skýrsluhaldi í nautgriparækt. Samtals eru 50 mjólkurframleiðendur en 6 standa enn utan skýrsluhalds.

Starfið í nautgriparæktinni einkennist eins og áður að miklu leyti af aðstoð við skýrsluhald í nautgriparækt. Færðar eru inn skýrslur fyrir þá sem ekki eru með Huppu og færa sjálfir. Staðan er þannig í dag að 11 bændur senda inn skýrslur sínar á pappír en hinir í Huppu. Flestir bændur sem á annað borð eru í skýrsluhaldi eru í gæðastýringu og skila því skýrlum reglulega og taka kýrsýni.

Kvígudómar taka einnig nokkuð langan tíma og voru um 300 kýr skoðaðar. Haldinn var fundur með landsráðunautum í nautgriparækt að Gauksmýri og var mæting frekar léleg en fundurinn að öðru leyti góður og nokkuð miklar umræður sérstaklega um ræktun og hverjar áherslurnar ættu að vera í henni.

Afurðir á svæðinu:

Nythæstu bú 2009	Nyt/árskú	Prótein	Fita
Syðri Valdarás	6.360	3,54	5,27
Steinnýjarstaðir	6.347	3,36	4,00
Tjörn	6.336	3,34	4,16
Brúsastaðir	6.327	3,51	4,44
Bessastaðir	6.114	3,19	3,94
Neðri Svertingsstaðir	6.107	3,3	4,14

Nythæstu kýr 2009	Nyt	Prótein	Fita	Verðefni
219 Hjösssa Höskuldsstöðum	11.217	3,23	3,7	777
140 Heiðbrá Hnjúki	10.542	3,35	3,83	773
149 Sóley Steinnýjarstöðum	10.154	3,21	3,12	643
140 Búrkolla Bessastöðum	9.975	2,88	3,52	638
164 Huppa Steinnýjarstöðum	9.592	3,47	3,54	672

Afurðir á svæðinu 2009 dragast nokkuð saman á milli ára en það má skýra að nokkru leyti með minni kjaranfóðurgjöf. Menn draga saman kjaranfóðurgjöf út af hækkanum á kjaranfóðri og einnig vegna aðstæðna á markaði þar

sem bændur sjá sér lítin hag í að framleiða mikið umfram kvóta. Meðalafurðir á svæðinu enda því í 5075 kg/árskú, prótein 3,36 % og fita 4,16%. Fítan hækkar lítillega milli ára en próteinið lækkar lítillega milli ára. Landsmeðaltalið lækkar líka og er nú 5358 kg/árskú, prótein 3,38% og fita 4,21%. Svæðið í heild er því undir meðaltali landsins. Landsmeðaltalið nú er lægra en meðalnýt svæðisins var í fyrra þannig að ef við hefðum haldið sama dampi og í fyrra værum við nú yfir meðaltali.

Hrossaræktin 2009

Gunnar Ríkharðsson

Skv vinnuskýrslum hafa um 9% af vinnutíma ráðunauta BHS farið í verkefni tengd hrossaræktinni síðustu árin.

BHS sér um skýrsluhald í hrossarækt á starfssvæði sínu og fær greitt fyrir það frá Bændasamtökum Íslands í samræmi við fjölda skráðra folalda á hverju ári. Starfið er unnið í góðri samvinnu við Samtök hrossabænda í héraðinu og við Bændasamtök Íslands.

Einnig sjá starfsmenn BHS um örmerkingar og dna sýnatöku úr hrossum eftir því sem beðið er um.

Nú geta eigendur hrossa sjálfir skráð afdrif og sölu á sínum hrossum í Worldfeng og einnig geta eigendur grunnskráð sín folöld hafi móðirin verið skráð hjá stóðhesti árið áður. Allir félagar í hestamannafélögum og félagar í Samtökum hrossabænda eiga nú að geta fengið frían aðgang að Worldfeng.

BHS sér um kynbótasýningar hrossa í héraðinu og á árinu 2009 voru tvær sýningar haldnar og báðar á Blönduósi, önnur í byrjun júní og hin um miðjan ágúst og er svipað fyrirkomulag fyrir árið 2010. Alls komu um 150 hross til dóms á þessar tvær sýningar.

BHS tók einnig þátt í framkvæmd Fjórðungsmóts Vesturlands á Kaldármelum enda hrossum héðan af svæðinu boðin þáttaka á því.

Nýlega hefur Matvælastofnun kynnt aukna eftirfylgni með merkingum hrossa. Að sögn er það vegna þrýstings frá vinum okkar í ESB. Frá árinu 2005 hefur verið skylda að einstaklingsmerkja öll ásett hross en því hefur slælega verið fylgt eftir. Frá 1.apríl 2010 er gerð krafa um rekjanleika hrossa eftir slátrun og er það gert m.t.t. matvælaöryggis.

Er því gerð krafa um skráningu allra hrossa í Worldfeng og einstaklingsmerkingu (örmerkingu). Afurðir af óskráðum og ómerktum hrossum fara því ekki á almennan markað en má nýta í loðdýrafóður

Þetta mun að sjálfsögðu hafa í för með sér kostnað fyrir hrossabændur en fyrsta skrefið sem allir ættu að taka nú þegar er að láta grunnskrá öll hrossin í Worldfeng og örmerkja öll yngri hrossin a.m.k.

Gunnar Ríkharðsson

Jarðræktin 2009

Kristján Óttar Eymundsson
Anna Margrét Jónsdóttir

Töluverð vinna fór í jarðræktina á árinu að vanda. Nokkuð svipað umfang var í áburðaráætlanagerð og undanfarin ár en það er nokkuð sem fleiri bændur mættu nýta sér. Í mars var góð mæting á stórskemmtilegan kornfund í Víðihlíð þar sem Jónatan Hermannsson og Ingvar Björnsson héldu erindi. Á vormánuðum mættu ráðunautar á aðalfundi hjá búnaðarfélögum ef þess var óskað. Þar var m.a. rætt um skýrsluhaldsforritið jörð.is og sitthvað fleira.

Búnaðarsambandið hefur undanfarin ár tekið þátt í sameiginlegu átaki á landinu í að fylgjast með þroska túngrasa. Sýni voru tekin af túnum í Sauðnesi, A-Hún annars vegar af nýrækt og hins vegar gömlu túni með viku millibili fjórum sinnum í júní. Niðurstöðurnar eru birtar á www.bondi.is og er fróðlegt að sjá hversu hratt meltanleiki og prótein % í heyjum fellur eftir því sem líður á mánuðinn.

Vorið 2009 varð talsverð aukning í jarðræktinni og munar þar mest um kornræktina. Alls sáðu húnvetnskir bændur í 300 hektara af korni og var stærsti hluti þess innan héraðs þó svo 5 bændur hafi sáð sínu korni í Skagafirði og Eyjafirði. Er þetta aukning um ríflega 100 hektara frá fyrra ári og munar þar mest um mikla aukningu þeirra Vestur-Húnvetninga. Kornræktin gekk þokkalega á árinu þó ljóst megi teljast að þurrkar í vor og fyrri hluta sumars hafi víða dregið mikið úr uppskeru. Gerðar voru þurrefnismælingar á nokkrum kornsýnum sem sýndu að þurrefnið er í flestum tilfellum rétt undir eða um 50% við þreskingu.

	Bæir	Korn	Gras	Grænfóður	Samtals ha
A-Hún	76	216	164	263	643
V-Hún	46	84	79	132	295
Strandir	13	0	30	25	55
Alls	135	300	273	420	993

Mikil úttektarvinna fylgir jarðabótunum, sér í lagi eftir að farið var að taka út alla jarðrækt og fer sú vinna fram að hausti. Jafnframt þurfti að taka út framkvæmdir vegna vinnuhagræðingar og bættrar aðbúnaðar í útihúsum, uppröft úr skurðum og fleira. Eins sjá ráðunautar um að taka út vatnsveituframkvæmdir. Arni Snæbjörnsson kom á svæðið í september til að aðstoða við að mæla fyrir skurðum og nýttu talsvert margir bændur sér það.

Of lítill áhugi hefur verið á jarðvegs- og heysýnatöku á svæðinu. Með hækkandi áburðarverði er ljóst að þetta er þáttur sem bændur verða að nýta sér betur til að geta verið með nákvæmari áburðargjöf. Það hefur líka komið ljós í gegnum árin að sýrustig túna er víða alltof lágt. Víða þarf að kalka mýrartún og eitthvað sem ætti skilyrðislaust að fylgjast að með endurræktun túna.

Áburðar- og jarðræktarnámskeið var haldið í apríl í Sævangi á Ströndum og var ágæt þátttaka. Kennari var Ríkhart Brynjólfsson.

Með nýjum loftmyndagrunni sem búnaðarsambönd fengu aðgang að á árinu 2007 opnuðust nýir möguleikar til að þjónusta bændur. Í þeim grunni er nú hægt að gera túnkort fyrir bændur. Á árinu 2009 voru teiknuð 18 túnkort fyrir bændur og fyrir liggur að teikna mun fleiri á árinu 2010. Nær öll túnkort sem teiknuð voru fyrir Vestur-Húnavetninga í jarðræktaráttaknu 2003 eru auk þess komin þar inn. Inn í þennan grunn var einnig teiknuð inn öll korn-, gras- og grænfróðurrækt á landinu og upphreinsun úr skurðum.

Þeir sem látið hafa teikna túnkort inn á þennan grunn geta nú fengið aðgang að sínum spildum á www.jörð.is en það forrit er á góðri leið með að valda mikilli byltingu í öllu jarðræktarskýrsluhaldi. Inni á jörð.is er hægt að gera áburðaráætlanir, skrá uppskeru og ástand spildna, skoða loftmynd af spildum og margt margt fleira. Þetta er eins og gefur að skilja miðlægur gagnagrunnur sem auðveldar mikið leiðbeiningastarf og samskipti milli bænda og ráðunauta. Allir bændur sem hafa aðgang að bufe.is eða skýrsluhaldsforritum BÍ á netinu geta óskað eftir að láta virkja þann aðgang inn á jörð.is og komast þá inn á sínar jarðir.

Fjöldi búfjár á svæði BHS veturinn 2009-2010

Nautgripir á svæði BHS veturinn 2009-2010

	Holda-		Kvígur	Geld-		Samt.
	Kýr	kýr		neyti	Kálfar	
Blönduósþær	76		11	113	159	359
Húnavatnshreppur	592	42	137	436	422	1.629
Höfðahreppur				8	6	14
Skagabyggð	231	11	53	247	207	749
A-Hún Samt. 2009-2010	899	53	201	804	794	2.751
A-Hún Samt. 2008-2009	889	60	243	735	756	2.683
Mismunur	10	-7	-42	69	38	68
Húnaþing vestra	564	151	143	647	604	2.109
V-Hún Samt. 2009-2010	564	151	143	647	604	2.109
V-Hún Samt. 2008-2009	541	140	137	637	565	2.020
Mismunur	23	11	6	10	39	89
Árneshreppur						0
Kaldrananeshreppur						0
Bæjarhreppur	62		13	55	56	186
Strandabyggð						0
Strandir Samt. 2009-2010	62	0	13	55	56	186
Strandir Samt. 2008-2009	62	0	10	58	49	179
Mismunur	0	0	3	-3	7	7
Svæðið samtals 2009-2010	1.525	204	357	1.506	1.454	5.046

Sauðfé á svæði BHS veturinn 2009-2010

	Ær	Hrútar	Gemlingar	Samtals
Blönduósþær	2.389	76	610	3.075
Húnavatnshreppur	22.562	658	5.992	29.212
Höfðahreppur	145	7	15	167
Skagabyggð	4.401	132	1.180	5.713
A-Hún Samt. 2009-2010	29.497	873	7.797	38.167
A-Hún Samt. 2008-2009	28.078	855	5.904	34.837
Mismunur	1.419	18	1.893	3.330
Húnaþing vestra	22.562	658	5.992	29.212
V-Hún Samt. 2009-2010	22.562	658	5.992	29.212
V-Hún Samt. 2008-2009	21.798	642	5.612	28.052
Mismunur	764	16	380	1.160
Árneshreppur	2.196	45	614	2.855
Kaldrananeshreppur	1.048	42	219	1.309
Bæjarhreppur	6.287	192	1.337	7.816
Strandabyggð	7.443	253	1.823	9.519
Strandir Samt. 2009-2010	16.974	532	3.993	21.499
Strandir Samt. 2008-2009	16.972	542	3.771	21.285
Mismunur	2	-10	222	214
Svæðið samtals 2009-2010	69.033	2.063	17.782	88.878

Hross á svæði BHS veturinn 2009-2010

	Hryssur	Hestar	Tryppi	Fölöld	Samtals
Blönduósbær	352	292	232	103	979
Húnavatnshreppur	2.228	871	985	422	4.506
Höfðahreppur	78	87	28	27	220
Skagabyggð	316	164	106	44	630
A-Hún Samt. 2009-2010	2.974	1.414	1.351	596	6.335
A-Hún Samt. 2008-2009	3.000	1.401	1.215	598	6.214
Mismunur	-26	13	136	-2	121
Húnaþing vestra	1.896	1.002	1.088	372	4.358
V-Hún Samt. 2009-2010	1.896	1.002	1.088	372	4.358
V-Hún Samt. 2008-2009	1.823	971	1.029	373	4.196
Mismunur	73	31	59	-1	162
Ármeshreppur					0
Kaldrananeshreppur	13	8	11	3	35
Bæjarhreppur	94	71	51	12	228
Strandabyggð	64	83	22	6	175
Strandir Samt. 2009-2010	171	162	84	21	438
Strandir Samt. 2008-2009	169	154	77	29	429
Mismunur	2	8	7	-8	9
Svæðið samtals 2009-2010	5.041	2.578	2.523	989	11.131

Niðurstöður heysýna sumarið 2009

	Rúlluhey	Vothey	Purrhey	Alls
Fjöldi	76	5	3	84
Purrefni %	51,34	36,47	76,75	51,36
Meltanleiki %	68,9	69,2	66	68,8
FEm/kg þe	0,78	0,78	0,74	0,78
Hráprótein % þe	15,8	15,7	16	15,8
AAT g/kg þe	69	68	82	70
PBV g/kg þe	38	39	16	37
Kalsíum (Ca) g/kg þe	3,6	3,9	4,2	3,6
Fosfór (P) g/kg þe	3,2	3,3	2,8	3,2
Magnesíum (Mg) g/kg þe	2,5	2,3	2,5	2,4
Kalíum (K) g/kg þe	16,4	20,5	14,8	16,6
Natríum (Na) g/kg þe	1,2	1,5	0,7	1,2

	A-Hún	V-Hún	Strandir	2009	2008	2007	2006
Fjöldi	41	37	6	84	41	81	62
Purrefni %	53,4	49,4	49,7	51,4	55,0	54,1	50,0
Meltanleiki %	68,5	69,4	67,7	68,8	69,7	69,0	69,3
FEm/kg þe	0,77	0,79	0,76	0,78	0,79	0,78	0,79
Hráprótein % þe	16,1	15,9	12,6	15,8	15,5	15,2	16,8
AAT g/kg þe	70	70	68	70	30	29	53
PBV g/kg þe	39	39	10	37	32	29	47
Kalsíum (Ca) g/kg þe	3,7	3,6	3,2	3,6	3,5	3,7	3,9
Fosfór (P) g/kg þe	3,1	3,3	2,7	3,2	2,9	3,0	3,5
Magnesíum (Mg) g/kg þe	2,5	2,5	1,8	2,4	2,2	2,3	2,5
Kalíum (K) g/kg þe	17	17	15	17	19	16	18

Aðalfundur BHS - haldinn í Ásbyrgi 15. apríl 2010

Dagskrá aðalfundar 15. apríl 2010

1. Fundarsetning og skipan starfsmanna (fundarstjóri, fundarritari, kjörbréfanefnd)
2. Ávarp formanns BHS
3. Skýrsla framkvæmdastjóra BHS
4. Reikningar kynntir
5. Umræður um skýrslur og reikninga
Matarhlé
6. Niðurstaða kjörbréfanefndar
7. Af vettvangi landbúnaðarmála:
Eiríkur Blöndal, framkvæmdastjóri Bændasamtakanna
Jón Gíslason búnaðarþingsfulltrúi – málefni Búnaðarþings 2010
8. Umræður um erindi
9. Mál lögð fram til nefnda:
10. Nefndarstörf og afgreiðsla mála
11. Kaffihlé
12. Kosningar skv samþykktum BHS:
Tveir úr A-Hún í stjórn BHS til þriggja ára og tveir til vara
Tveir skoðunarmenn reikninga til eins árs og tveir til vara
13. Önnur mál
14. Fundarslit

Formaður BHS Jón Gíslason setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann lagði til að Matthías Lýðsson stýrði fundi og Anna Margrét Jónsdóttir ritaði fundargerð. Hann tilnefndi auk þess í kjörbréfanefnd Ægi Sigurgeirsson, Guðbrand Sverrisson og Ásgeir Sverrisson. Engar athugasemdir komu fram við það og tóku þau því til starfa.

Skýrsla formanns.

Jón Gíslason flutti skýrslu stjórnar. Hann byrjaði á að fara yfir hvað gert hefði verið með tillögur síðasta aðalfundar. Þar kom m.a. fram að kúasæðingar voru lækkaðar og fangskoðanir hafðar ókeypis. Hann fór yfir þær endurbætur sem gerðar hafa verið á húsnæðinu á Húnaþraut 13, Blönduósi og þær sem fyrirhugaðar eru. Stigagangurinn var endurbættur á síðasta ári og húsið málað að utan. Til stendur að endurnýja glugga á húsinu og hugmyndir eru um að endurnýja salernisaðstöðu og endurskipuleggja svæðið framan við núverandi skrifstofur og jafnvel bæta þar einni skrifstofu við. Hann fór einnig lauslega yfir þær tillögur sem stjórn hyggst leggja fyrir aðalfund en þær verða nánar skýrðar síðar í fundargerðinni. Hann ræddi útgáfumál Búnaðarsambands Strandamanna en útlit er fyrir að bók þeirra um byggðir Strandasýslu komi út á árinu.

Skýrsla framkvæmdastjóra

Gunnar Ríkharðsson flutti skýrslu framkvæmdastjóra. Fram kom í máli hans að efnahagserfiðleikar í þjóðfélaginu héldu áfram að hafa áhrif á starfssemi Búnaðarsambandsins á árinu 2009 eins og var að nokkru leyti 2008. Sameiginleg fundahöld ráðunauta af öllu landinu voru nokkuð tíð til að fara yfir stöðu mála og skipuleggja aðgerðir. Eins voru haldin endurmenntunarnámskeið á þessu sviði fyrir ráðunauta. Árið einkenndist þó af mikilli kyrrstöðu varðandi aðgerðir í skuldavanda bænda – eins og reyndar annarra í þjóðfélaginu.

Hið hefðbundna starf á vegum BHS var í nokkuð föstum skorðum á árinu 2009 en til tilbreytingar fóru fram kosningar til búnaðarþings á aðalfundi BHS 2009 en kosið er svæðabundið fyrir hverja sýslu. Einnig var á vordögum kosið um breytingar á búvörusamningum.

Á félagssvæði BHS eru nú 16 búnaðarfélög og 7 búgreinafélög. Alls voru félagar í þessum félögum rúmlega 1.000 skv félagatölum sem bástust til BHS, en margir eru í fleiru en einu félagi. Alls eru nú um 580 virkir félagar í BHS - það eru þeir sem eru félagar í einhverju aðildarfélagi BHS og standa skil á árgjaldi til BHS og njóta þar með afsláttar af gjaldskrá.

Fundur formanna aðildarfélaga BHS var haldinn í Sauðfjarsetrinu á Ströndum 11. nóvember og var gestur fundarins Eyþór Einarsson ráðunautur í Skagafirði. Ræddi hann um niðurstöður verkefnis sem hann hefur verið að vinna að varðandi rafrænt kjötmat hjá sauðfé. Fundurinn heppnaðist vel og var vel sóttur.

Á fundi formanna og framkvæmdastjóra búnaðarsambandanna og BÍ í haust voru lagðar fram tillögur um breytingar á skipulagi leiðbeiningaþjónustunnar. Var þar miðað við að öll ráðgjafastarfssemi yrði í einu sameiginlegu félagi á landsvísu. Tildrög þessa eru áætlanir um miklar skerðingar á framlögum frá hinu opinbera til ráðgjafþjónustunnar á þessu ári og næstu árum. Þessar tillögur hlutu þó ekki afgerandi hljómgrunn á þessu stigi málsins, hvað sem verður.

Starfsemi og starfsfólk

Á árinu 2009 var skráð vinna starfsmanna BHS um 6.400 klst eða um 3,9 ársverk og skiptust þau á 6 ráðunauta. Er þetta mjög svipað vinnuframlag og undanfarin 5 ár. Anna Margrét var í fæðingarorlofi fram til 1. apríl en Kristján tók 1,5 mánuð í fæðingarorlof seinni part sumars. Í annan tíma voru þau bæði ásamt Þórði í fullu starfi. Starfshlutfall hjá Svanborgu var um 10%, um 16% hjá Hallfríði og starfshlutfall hjá Gunnari var meira en áður hefur verið eða um 90%.

Ekki eru miklar breytingar á hlutfallslegri vinnu við einstaka vinnuliði milli ára. Útgáfumál voru með svipuðu sniði og undanfarin ár, fréttabréf send út eftir þörfum og efni sett á heimasíðuna www.rhs.is til að koma því á framfæri til bænda. Í vaxandi mæli notum við tölvupóst til að koma upplýsingum til bænda enda mjög fljótleg og ódýr leið til að miðla þekkingu og upplýsingum. Áætlað er að í haust verði allir bændur á okkar svæði búnir að fá möguleika á að tengjast háhraðanetsambandi og ætti það að auðvelda mjög alla upplýsingamiðlun og vinnu á netinu. Ársrit BHS fyrir árin 2006-2008 var sent til bænda en kostnaður við prentun á því var um 390 þús. Tekjur af auglýsingum ná þó að greiða stærstan hluta af þeim kostnaði.

Búfjárefirlit

Búfjárefirliti var sinnt á árinu 2009 í samræmi við samkomulag þar að lútandi við sveitarfélögin og eru skráningar vegna gæðastýringar í sauðfjárrækt teknar út samhliða eftirliti. Drjúgur tími og umstang fer í þennan málaflokk og á stundum vildi ég gjarnan að við værum laus við hann. Helsti gallinn er þó sá að tími til vorskodana er stuttur - þ.e. mars og fram í miðjan apríl – en mörgu öðru þarf einnig að sinna á þessum tíma en fjöldi skýrslna sem þarf að skila eru tæplega 500.

Á hverju ári koma upp mál sem taka þarf á en yfirleitt eru það sömu aðilar sem hlut eiga að máli. Árlegar heimsóknir til allra skepnuhaldara á svæðinu gefa þó mikla möguleika á góðum tengslum og vettvang fyrir skoðanaskipti og ráðleggingar. Mikilvægt er einnig að hafa í huga að langflestum tilfellum er allt í stakasta lagi og aðbúnaður og fóðrun skepnueigendum til mikils sóma.

Búfjárefirlit minnir þó stundum á bankaefirlit – á meðan menn halda að allt sé í lagi er fundið að því að þetta sé óþarft og dýrt – þegar í ljós kemur að eitthvað var raunverulega ekki í lagi er fundið að því að eftirlitið hafi ekki staðið sig við að koma í veg fyrir það - en það er oft gott að vera vitur eftir á.

Skil á skýrslum að hausti þarf þó að bæta. Það er of mikil vinna hjá okkur við að ná inn skýrslum og þarf að ganga úr skugga um að sveitarfélögin hafi nauðsynleg úrræði í sínum gjaldskráum til að hægt sé að innheimta gjald af þeim sem ekki skila á réttum tíma.

Þróunarsjóður

Stjórn BHS ákvað að á árinu 2009 yrðu styrkir úr Þróunarsjóðnum veittir nemum af okkar svæði sem stunda landbúnaðartengt nám. Eftirtaldir nemar fengu 50 þús kr styrk hver:

- Sigríður Ólafsdóttir, Víðidalstungu - er á öðru ári í framhaldsnámi (meistaránámi) í búvísindum við Landbúnaðarháskóla Íslands - hefur numið í Noregi að undanfögnu

- Sonja Líndal, Lækjamóti - er á öðru ári í dýralæknanámi í Kaupmannahöfn
- Eyrún Ösp Skúladóttir, Tannstaðabakka - er á öðru ári í búvísindanámi við LBHÍ
- Einar Reynisson, Syðri Völlum - er á þriðja ári í háskólanámi í hestafræðum sem er námslína sem er kennd að hluta til við LBHÍ og að hluta við Háskólann á Hólum
- Gunnar Reynisson, Syðri Völlum - er á þriðja ári í háskólanámi í hestafræðum sem er námslína sem er kennd að hluta til við LBHÍ og að hluta við Háskólann á Hólum
- Stella Guðrún Ellertsdóttir, Sauðá - er á fyrsta ári í háskólanámi í hestafræðum sem er námslína sem er kennd að hluta til við LBHÍ og að hluta við Háskólann á Hólum
- Þorkatla Inga Karlsdóttir, Þorfinnsstöðum - er á öðru ári í Búfræðinámi við LBHÍ
- Erla Rún Guðmundsdóttir, Bergsstöðum Svartárdal - er á fyrsta ári í Búfræðinámi við LBHÍ
- Guðni Ellertsson, Sauðá - er á fyrsta ári í Búfræðinámi við LBHÍ
- Katrín Sif Rúnarsdóttir, Neðra Vatnshorni - er í námi í ferðamálafræðum við Háskólann á Hólum
- Leifur Georg Gunnarsson, Hvammstanga - er á fyrsta ári í hestafræðum á Hólum

Endurbætur á húsnæði

Á síðasta aðalfundi var samþykkt ályktun um að fara í nauðsynlegar endurbætur á húsnæðinu á Blönduósi. Nýlega var endurnýjað gólfefni á stigagangi og málað og það liggur fyrir að lagfæra klósett eða fara í ákveðnar breytingar á staðsetningu þeirra sem myndi skila okkur einu vinnurými til viðbótar. Hefur þá aðeins verið horft til þess að haustið 2011 verða breytingar á skipulagi dýralæknisþjónustu á okkar svæði þegar ráðinn verður sameiginlegur héraðsdýralæknir fyrir allt norðurland vestra þ.e. Skagafjörð, Húnavatnssýslur og Bæjarhrepp. Sá aðili verður að líkindum staðsettur sem næst miðju svæðisins og gæti þá hugsanlega leigt aðstöðu hjá okkur.

Einnig er gert ráð fyrir endurbótum utan húss á Hvammstanga en kostnaðarhlutdeild BHS þar er á bilinu 2-3%.

Stjórn BHS

Stjórn BHS hefur komið saman á fjórum formlegum fundum frá síðasta aðalfundi.

Rekstur BHS á árinu 2009

BHS er ekki framtalsskylt en þarf að skila öllum upplýsingum til skattayfirvalda um launagreiðslur og virðisaukaskatt. Rekstur BHS á árinu 2009 gekk þökkalega og skilaði um 3,5 milljónum í hagnað fyrir utan

fjármagnsliði en að þeim meðtöldum varð hagnaður um 5,3 milljónir. Veltan á árinu var um 48,6 milljónir en það er um 8% aukning frá árinu áður. Búnaðarsjóður skilar okkur um 12,6 milljónum eða um 26% af heildartekjum. Tekjur af kúasæðingum lækka enda gjaldskrá kúasæðinga lækkuð verulega á síðasta aðalfundi.

Laun og starfsmannatengdur kostnaður var um 22,3 milljónir og hækkar um 9% milli ára. Laun frjótækna eru greidd sem verktakalaun og eru því ekki inni í þessari tölu en alls fengu þeir greiddar um 10,2 milljónir á árinu en innifalið í þeirri upphæð eru bæði vinna og akstur.

Búnaðarsambandið á nú tvær bifreiðar og gekk rekstur þeirra nokkuð vel á árinu. Alls voru eknir á þeim um 37 þús km og var kostnaður á ekinn km um 49 kr að teknu tilliti til afskrifta en ekki vaxta af fjárfestingu. Er það um 20% hækkun frá síðasta ári.

Að lokum þakkaði Gunnar bændum og starfsmönnum ánægjuleg samskipti á liðnu ári.

Reikningar

Gunnar fór yfir reikninga Búnaðarsambandsins fyrir árið 2009 og skýrði vandlega helstu rekstrarliði. Rekstrartekjur námu alls 48.595.227 kr og rekstrargjöld 45.084.600 kr. Fjármagnstekjur umfram fjármagnsgjöld námu 1.813.635 kr og nam hagnaður ársins því 5.324.262 kr. Eignir Búnaðarsambandsins í lok árs námu 41.020.425 kr. en skuldir 16.533.757 kr.

Kúasæðingarnar skiluðu tekjum upp á 11.879.684 kr og námu gjöld vegna þeirra 12.393.609 kr. Tap af rekstri þeirra nam því 513.925 kr.

Umræður um skýrslur og reikninga

Fundarstjóri gaf orðið laust um skýrslur og reikninga.

Gunnar Þórarinsson kvað sér hljóðs og spurði út í hvernig BHS ætli sér að hjálpa bændum sem eru í rekstrarvanda í baráttu þeirra við bankana. Hann velti fyrir sér hvort BHS ætti að standa fyrir fleiri almennum bændafundum, bæði með fræðsluefni og eins um félagsleg málefni. Hann spurði hvort tekið væri gjald fyrir áburðaráætlanir. Hann spurði einnig hvers vegna BHS virtist skv. reikningum vera að borga með klaufskurði til bændu. Hann spurði einnig hvort að kúabændur væru sáttir við að nær engar einstaklingsleiðbeiningar virðast vera í nautgriparékt.

Gunnar Ríkhartsson svaraði fyrirspurnum nafna síns. Hann sagði að mikil og samræmd vinna væri í gangi með áætlanagerð vegna rekstrarvanda bændu sem standa í stríði við bankana. Þetta gengur engu að síður afar hægt og í raun engir bændur á landinu sem eru komnir alla leið í gegnum endurskipulagningu fjármálanna. Hann sagði að BÍ hefði að mestu verið ábyrgt fyrir félagsmálafundum, búgreinafélögin fá til sín einhverja með erindi á aðalfundi og ráðunautar hafa mætt á flesta fjárræktarfélagafundi og nokkra búnaðarfélagafundi. Ekki hefur verið tekið gjald fyrir

áburðaráætlanir. BHS hefur tekið að sér að greiða kostnaðinn við að koma klaufskurðarbásnum inn á svæðið vegna þess að við getum ekki boðið upp á þetta sjálf en vitað var að mikil þörf var á þessari þjónustu. Hann sagði að einstaklingsleiðbeiningar fyrir kúabændur væru talsverðar, megnið af áburðaráætlunum, rekstraráætlunum og fóðurleiðbeiningum væru fyrir kúabændur.

Í framhaldi þess fór Gunnar yfir helsta starf í hverri búgrein fyrir sig sem hann kvaðst hafa gleymt í fyrri skýrslu sinni.

Hrossarækt

BHS sér um skýrsluhald í hrossarækt á starfssvæði sínu og fær greitt fyrir það frá Bændasamtökum Íslands í samræmi við fjölda skráðra folalda á hverju ári. Einnig sjá starfsmenn BHS um örmerkingar og DNA sýnatöku úr hrossum eftir því sem beðið er um.

Nú geta eigendur hrossa sjálfir skráð afdrif og sölu á sínum hrossum í Worldfeng og einnig geta eigendur grunnskráð sín folöld hafi móðirin verið skráð hjá stóðhesti árið áður. Allir félagar í hestamannafélögum og félagar í Samtökum hrossabænda eiga nú að geta fengið frían aðgang að Worldfeng. BHS sér um kynbótasýningar hrossa í héraðinu og á árinu 2009 voru tvær sýningar haldnar, báðar á Blönduósi, önnur í byrjun júní og hin um miðjan ágúst og er svipað fyrirkomulag fyrir árið 2010. Alls komu um 150 hross til dóms á þessar tvær sýningar.

BHS tók einnig þátt í framkvæmd Fjórðungsmóts Vesturlands á Kaldármelum enda hrossum héðan af svæðinu boðin þáttaka á því.

Nýlega hefur Matvælastofnun kynnt aukna eftirfylgni með merkingum hrossa. Að sögn er það vegna þrýstings frá vinum okkar í ESB. Frá árinu 2005 hefur verið skylda að einstaklingsmerkja öll ásett hross en því hefur slælega verið fylgt eftir. Frá 1.apríl 2010 er gerð krafa um rekjanleika hrossa eftir slátrun og er það gert m.t.t. matvælaöryggis.

Er því gerð krafa um skráningu allra hrossa í Worldfeng og einstaklingsmerkingu (örmerkingu). Afurðir af óskráðum og ómerktum hrossum fara því ekki á almennan markað en má nýta í loðdýrafóður

Þetta mun að sjálfsögðu hafa í för með sér kostnað fyrir hrossabændur en fyrsta skrefið sem allir ættu að taka nú þegar er að láta grunnskrá öll hrossin í Worldfeng og örmerkja öll yngri hrossin a.m.k.

Jarðrækt

Vorið 2009 varð talsverð aukning í jarðræktinni og munar þar mest um kornræktina. Alls sáðu húnvetniskir bændur í 300 hektara af korni og var stærsti hluti þess innan héraðs þó svo 5 bændur hafi sáð sínu korni í Skagafirði og Eyjafirði. Er þetta aukning um ríflega 100 hektara frá fyrra ári og munar þar mest um mikla aukningu þeirra Vestur-Húnvetninga. Kornræktin gekk þokkalega á árinu þó ljóst megi teljast að þurrkar í vor og fyrri hluta sumars hafi víða dregið mikið úr uppskeru. Gerðar voru

Þurrefnismælingar á nokkrum kornsýnum sem sýndu að þurrefnið er í flestum tilfellum rétt undir eða um 50% við þreskingu.

Of lítill áhugi hefur verið á jarðvegs- og heysýnatöku á svæðinu og sömuleiðis áburðaráætlanagerð. Með hækkandi áburðarverði er ljóst að þetta er þáttur sem bændur verða að nýta sér betur til að geta verið með nákvæmari áburðargjöf.

Sauðfjárrækt

Árið 2009 reyndist ágætt ár í sauðfjárræktinni enda vorið sérlega gott, sumarið hlýtt og haustið áfallalaust. Afurðir eftir hverja vetrarfóðraða á jukust um 0,5 kg í báðum Húnavatnssýslunum en drógust heldur saman á Ströndum og skilaði meðalærin þar 0,4 kg minna en árið á undan. Í heild var því aukning um 0,2 kg eftir hverja skýrslufærða á á svæðinu. Austur-Húnavetningar þurfa að taka sig verulega á til að ná upp frjóseminni. Vestur-Húnavetningar skríða nú í fyrsta skipti aðeins upp fyrir Strandamenn í afurðum eftir hverja vetrarfóðraða á en þessar sýslur hafa lengi vel verið afar jafnar og eru nú í fyrsta og öðru sæti á landsvísu. Aukning var á sauðfjársæðingum og lambamælingum og greinilegt að áhugi er mikill og vaxandi í öllu ræktunarstarfi.

Nautgripærækt

Starf í nautgripæræktinni er að stórum hluta tengt skýrsluhaldinu en 44 bæir héldu kúaskýrslur síðastliðið ár. Afurðir drógust nokkuð saman milli ára sem skýrist að nokkru leyti af minnkandi kjarnfóðurgjöf enda var lítið greitt fyrir umfram mjólk á síðasta ári. Kjarnfóðurverð hefur auk þess hækkad mikið milli ára. Meðalafurðir á svæðinu voru 5.075 kg eftir hverja árskú, prótein 3,36% og fita 4,16%. Landsmeðaltal lækkaði líka og var á síðasta ári 5.358 kg/árskúna. Flestir bændur á svæðinu sem á annað borð eru í skýrsluhaldi, eru í gæðastýringu og skila því skýrslum reglulega og taka kýrsýni. Kvígudómar gengu vel og voru um 300 kýr skoðaðar. Haldinn var góður fundur með landsráðunautum í nautgripærækt á Gauksmýri þó svo mæting hefði mátt vera betri.

Var þá orðið gefið laust að nýju og kvað Skúli Einarsson sér hljóðs. Hann ræddi skuldamál bænda og spurði hvort það væri ófrávíkjanleg regla hjá bönkunum að rekstrarmál bænda færu í gegnum búnaðarsambandið áður en þau væru endanlega afgreidd hjá þeim. Hann tók undir mikilvægi tölvasamskipta í samskiptum bænda við ráðunauta. Hann ræddi nýtingu búfjáraburðar og mikilvægi þess að finna aðferðir til að hámarka nýtingu hans. Hann kvað jarðræktarátakið sem farið var í á síðasta ári hafa nýst sér afar vel. Hann ræddi einnig kúasæðingar og kornrækt.

Að því loknu gerði fundarstjóri matarhlé

Að loknu matarhléi svaraði Gunnar Ríkharðsson fyrirspurnum Skúla og lagði til að fundurinn myndi gera drög að skipulagi fyrir áframhaldandi jarðræktaráttak á svæðinu.

Gunnar Þórarinsson tók aftur til máls og sagðist hafa vitað að einstaklingsleiðbeiningar væru miklar í nautgriparækt en velti því fyrir sér hvers vegna ekki veri gjaldtaka á þeim leiðbeiningum eins og fyrir lambadóma og fleira í sauðfjárrækt.

Ekki urðu meiri umræður um skýrslur og reikninga.

Álit kjörbréfanefndar

Ægir Sigurgeirsson formaður kjörbréfanefndar kynnti álit hennar:

Bf. Áshrepps: Hjálmar Ólafsson, Kárdalstungu, Sigurður Þorbjörnsson, Kornsó.

Búnaðarfélag Sveinsstaðahrepps: Gunnar Ellertsson, Bjarnastöðum, Magnús Pétursson, Miðhúsum.

Bf. Torfalækjarhrepps: Jón Kristófer Sigmarsson

Bf. Svínavatnshrepps: Ægir Sigurgeirsson Stekkjardal, Jóhann Guðmundsson Holti

Bf. Engihlíðarhrepps: Ragnar H. Sigtrygsson, Bakkakoti, Magnús Björnsson, Syðra-Hóli

Bf. Skagahrepps: Guðjón Ingimarsson, Hofi

Bf. Víðdælinga: Örn Óli Andrésson Bakka, Júlíus Guðni Antonsson Auðunnarstöðum

Bf. Vatnsnesinga : Baldur Heimisson, Saurbæ, Heimir Ágústsson, Sauðadalsá.

Bf. Miðfirðinga: Gísli Magnússon, Staðarbakka, Kristófer Jóhannesson, Finnmörk

Stefán Einar Böðvarsson, Mýrum,

Bf. Staðarhrepps: Ásgeir Sverrisson Brautarholti

Bf. Bæjarhrepps og Bitru: Magnús Sveinsson, Þambárvöllum, Ragnar Pálmason, Kollsá.

Bf. Kirkjubólshrepps: Matthías Lýðsson Húsavík

Bf. Árneshrepps: Björn Torfason Melum

Félag sauðfjárþænda A-Hún: Magnús Guðmannsson Vindhæli, Birgir Gestsson Kornsó, Gísli Hólm Geirsson, Mosfelli.

Félag sauðfjárþænda í V-Hún: Böðvar Sigvaldi Böðvarsson, Gunnar Þórarinsson, Benedikt G. Benediktsson, Bergsstöðum.

Félag sauðfjárþænda í Strandasýslu: Guðbrandur Björnsson Smáhömrum, Guðbrandur Sverrisson Bassastöðum, Rósa Jósefsdóttir, Fjarðarhorni.

Félag kúabænda í A-Hún: Jens Jónsson Brandaskarði, Gróa Lárusdóttir Brúsastöðum,

Ingibjörg Sigurðardóttir, Auðólfssstöðum.

Nautgriparárktarfélag V-Hún: Sigtryggur Sigurvaldason, Litlu Ásgeirsá, Pétur Sigurvaldason, Neðri-Torfustöðum
Samtök hrossabænda, A-Hún: Páll Þórðarson, Sauðanesi, Þórður Pálsson, Blönduósi.
Hrossarárktarsamband V-Hún: Þórir Ísólffsson, Lækjamóti
Enginn mætti frá Búnaðarfélagum Bólstaðarhlíðarhrepps, Kaldrananeshrepps og Nauteyrahrepps. Mættir voru því 39 af 46 fulltrúum aðildarfélaga.
Auk þess sátu fundinn stjórnarmeðlimir BHS; Jón Gíslason, Linda Ævarsdóttir, Ólafur Benediktsson, Skúli Einarsson og Matthías Lýðsson sem einnig var fulltrúi. Ráðunautar BHS voru sömuleiðis mættir; Gunnar Ríkhartsson, Kristján Óttar Eymundsson, Anna Margrét Jónsdóttir og Þórður Pálsson sem jafnframt var fulltrúi.

Erindi Eiríks Blöndal

Eiríkur ræddi skuldavanda bænda og vinnu sem er í gangi við úrlausnir. Eins og fram hefur komið hafa engin mál verið keyrð alla leið í endurskipulagningu en nú stendur til að taka 5-10 bú fyrir og koma alla leið til að láta reyna á þessar lausnir sem boðnar eru. Bí hefur ræðið lögfræðing til aðstoðar í þessum vandamálum auk þess sem teymi ráðunauta hjá Bí vinnur nær eingöngu í þessum málum. Hann fór yfir þær lausnir sem bankarnir eru að bjóða og ræddi þær frá ýmsum hliðum. Hann sagði að varúð yrði að hafa á því að ofmeta ekki greiðslugetu rekstrarins og verðmat jarða. Einnig þarf að gæta mjög að skilmálum lána og biðlána. Hann velti einnig fyrir sér hvort þyrfti að fara að skoða rekstur víðar og aðstoða þá bændur sem standa undir skuldbindingum en eru í þröngum rekstri.

Framlög til búnaðarlagasamnings hafa lækkað mikið í fjárlögum 2010 og núgildandi búnaðarlagasamningur rennur út í árslok 2010. Því er komin af stað mikil umræða og vinna innan Bí um breytingar á innra skipulagi. Bændasamtökin hafa lagt fram tillögu að samningi en ekki fást ennþá svör frá ráðherra.

Stór hluti Búnaðarþings fór í ESB umræðu. Skýrsla framkvæmdastjórnar ESB segir í raun að við munum aldrei fá það sem við þurfum fyrir landbúnaðinn á Íslandi. Ef til ESB aðildar kæmi þyrfti að stokka upp ráðuneyti og setja á stofn greiðslustofu til að halda utan um styrkjakerfi landbúnaðarins. Hann ræddi helstu rök Bí gegn aðild að ESB. Þar nefndi hann m.a. verndun innlendrar landbúnaðarframleiðslu og atvinnu. Íslenskur landbúnaður er umhverfisvænn, styður dreifða byggðapróunarstefnu og er undirstaða atvinnu víða í dreifðum byggðakjörnum. ESB byggist á svokölluðu fjórfrelsi; frelsi fjármagns, vöru, þjónustu og vinnuafis. Forræði í landbúnaðarmálum færast til sameiginlegrar ákvörðunartöku innan ESB. Lög ESB yrðu alltaf æðri okkar eigin lögum. Megindrættir núverandi landbúnaðarstefnu ESB er að í stað framleiðslutengdra styrkja skulu styrkir

fyrst og fremst vera vegna umhverfisþátta, dýraverndar og heilbrigði dýra og afurða. ESB-aðild myndi þýða að tollvernd hverfur, afurðaverð lækkar, bann við innflutningi lifandi dýra og á hráukjöti hverfir, styrkir tengdir framleiðslu hverfa. Líklegt er að lambakjötssala myndi dragast saman um 40%, innlend svínakjöts- og alifuglakjötframleiðsla leggst af. Styrkir innan ESB fara að mjög stórum hluta til stórfyrirtækja.

Eiríkur ræddi ýmis önnur mál s.s. þróun á kjötmarkaði en alifuglakjöt hefur á síðustu árum unnið mjög á í neyslu á kostnað lambakjötsins. Hann hvatti bændur til að senda sín bókhaldsgögn í gagnagrunn BÍ til að treysta hagtölusöfnun sem nýtist í kjarabaráttunni. Hann ræddi heimavinnslu afurða sem hefur færst í vöxt á undanförunum árum. Með heimavinnslu skapast nýjir og auknir möguleikar í dreifbýli sem auka verðmætasköpun heima í héraði. Hann fór aðeins yfir framvindu þjóðlendumála. Ekki verður lýst fleiri kröfum fyrr en í fyrsta lagi 2011. Þjóðlendu nefnd hefur verið lögð niður og að öllum líkindum verður tekinn lengri tími í að klára það sem eftir er. Undirbúningsvinna heima í héraði áður en til kröfugerðar kemur er afar mikilvæg. Hann velti að lokum fyrir sér tækifærum í íslenskum landbúnaði í dag, s.s. í sjálfbærri orkuframleiðslu, stefnumótun í búrekstri og fleiri þáttum. Nota þarf meðbyr sem nú er frá neytendum, bæði innanlands og á heimsvísu.

Umræður um erindi

Magnús Pétursson spurði Eirík nánar um ábyrgð ríkisins sem landeiganda eftir þjóðlendumálin, t.a.m. til smalamennsku, girðinga o.fl. Eiríkur svaraði að svo virtist sem ríkið ætlaði sér ekki að setja frekari fjármuni í þjóðlendumálin og á meðan svo væri, sé ekki ljóst hvernig því verði háttað.

Búnaðarþingsmál.

Jón Gíslason fór yfir helstu mál Búnaðarþings. Búnaðarþing ályktaði m.a. um háhraðatengingar og gæði þeirra. Einnig var ályktað um að auka þyrfti lagaheimildir til að sameina megi afurðasölufyrirtæki og kjötvinnslur frekar en orðið er. Einnig um að land skuli ekki látið ganga kaupum og sölu nema landamerki séu hnitsett. Jón taldi að skynsamlegt væri að fá Óðin Sigþórsson formann Landsamtaka landeigenda á fund til að fara yfir með okkur hver næstu skref okkar eigi að vera. Á Búnaðarþingi var ákveðið að setja á fót starfshóp til að leita leiða til að lækka kostnað vegna lyfjakaupa. Skipuð var nefnd til að skoða lækkun búnaðargjalds. Verið er að skoða frekari samræmingu gjaldtöku fyrir kúasæðingar á landsvísu. Ályktað var um að herða þyrfti löggjöf og eftirfylgni vegna brota á reglum um velferð búfjár. Ályktað var um mikilvægi þess að hafa dýralækna sem víðast í héruðum og um birgðahald lyfja til landbúnaðarnota. Refa- og minkaveiðar voru teknar fyrir og ályktað um mikilvægi þess að þær séu styrktar. Ályktað var um að leggja þurfi í vinnu að skilgreina

landbúnaðarland. Að lokum sagði Jón frá því að ályktað hefði verið um jöfnun kostnaðar ungmenna í dreifbýlinu til framhaldsnáms.

Umræður um erindi

Skúli Einarsson tók til máls. Hann ræddi ályktun Búnaðarþings um að auka þyrfti lagaheimildir til að sameina afurðasölufyrirtæki og kjötvinnslur í landinu og taldi að það væri mjög brýnt enda hefði sýnt sig í mjólkuriðnaðinum að slík sameining getur haft mikla hagræðingu í för með sér. Hann ræddi búnaðargjald og taldi rétt að fresta frekari umræðu um lækkun þess. Hann ræddi einnig dýralæknamál og hældi LS fyrir þá vinnu sem þar hefur farið fram í verðkönnunum og fleiru. Hann velti fyrir sér hvort bæta þyrfti inn í búfræðinám grunnkennslu í dýralækningum ef af verður sem útlit er fyrir að dýralæknum muni fækka í dreifbýlinu.

Eiríkur Blöndal tók til máls og fjallaði um framhald mála sem afgreidd voru á Búnaðarþingi.

Ekki kváðu sér fleiri hljóðs undir þessum lið.

Mál lögð fram til nefnda

Skipaðar voru þrjár nefndir og formenn þeirra eftirfarandi:

Fyrir Allsherjarnefnd fer Jóhann Guðmundsson

Fyrir Fjárhagsnefnd fer Gunnar Þórarinsson

Fyrir Búfjár- og jarðræktarnefnd fer Ásgeir Sverrisson

Fundarstjóri óskaði eftir tillögum sem skipað skyldi til nefnda.

Gunnar Þórarinsson kynnti tillögu þess efnis að umsókn Íslands um aðild að ESB yrði dregin til baka.

Var henni vísað til allsherjarnefndar.

Matthías kynnti drög að tillögum frá stjórn og vísaði til viðeigandi nefnda. Voru það tillögur um hnitsetningu landamerkja og skuldamál bænda sem vísað var til allsherjarnefndar. Einnig tillögur um afgreiðslu reikninga, félagsgjald, stjórnarlaun og þóknun vegna setu á aðalfundi sem vísað var til fjárhagsnefndar. Áð lokum kynnti hann drög að tillögum sem vísað var til búfjár- og jarðræktarnefndar en þær voru um gjaldskrá kúasæðinga og áframhald á átaksverkefni í jarðrækt.

Tóku nefndir að því búnu til starfa.

Kaffihlé

Afgreiðsla mála

Í fjárhagsnefnd sátu Gunnar Þórarinnsson (formaður), Björn Torfason, Sigtryggur Sigurvaldason, Pétur Sigurvaldason, Stefán Böðvarsson, Linda Björk Ævarsdóttir, Gísli Geirsson og Gróa Lárusdóttir.

Í búfjár- og jarðræktarnefnd sátu Ásgeir Sverrisson (formaður), Benedikt G. Benediktsson, Skúli Einarsson, Guðbrandur Sverrisson, Rósa Jósepsdóttir, Örn Óli Andrússon, Baldur Heimisson, Gísli G. Magnússon, Ragnar Pálmason, Magnús Pétursson, Hjálmar Ólafsson, Jens Jónsson, Magnús Guðmannsson, Magnús Björnsson, Ragnar H. Sigtryggsson, Ægir Sigurgeirsson, Birgir Gestsson og Jón Kr. Sigmarsson.

Í allsherjarnefnd sátu Jóhann Guðmundsson (formaður), Böðvar Sigvaldi Böðvarsson, Guðbrandur Björnsson, Ólafur Benediktsson, Páll Þórðarson, Júlíus Guðni Antonsson, Heimir Ágústsson, Kristófer Jóhannesson, Gunnar Ellertsson, Sigurður I. Þorbjörnsson, Magnús Sveinsson, Ingibjörg Sigurðardóttir, Guðjón Ingimarsson og Þórður Pálsson.

Gunnar Þórarinnsson, kynnti eftirfarandi tillögur fjárhagsnefndar:

Aðalfundur BHS haldinn í Ásbyrgi 15. apríl 2010 samþykkir að árgjald árið 2010 verði 3.000 kr á hvern félagsmann. Hjón og sambýlisfólk greiði eitt gjald. Framkvæmdastjóra BHS verði falið að leita hagkvæmstu leiða í innheimtu á félagsgjöldum. Greiða skal árgjald fyrir áramót. *Samþykkt samhljóða*

Aðalfundur BHS haldinn í Ásbyrgi 15. apríl 2010 í Ásbyrgi samþykkir að fulltrúar á aðalfundi BHS fái greitt sem nemur árgjaldi til BHS fyrir fundinn auk aksturspeninga skv. ríkistaxta fyrir akstur umfram 120 km gegn framvísun reiknings. *Samþykkt samhljóða*

Aðalfundur BHS haldinn í Ásbyrgi 15. apríl 2010 í Ásbyrgi samþykkir að laun stjórnarmanna verði sem hér segir:
Formaður fái 50.000 kr á ári
Aðrir stjórnarmenn fái 20.000 kr á ári
Auk þess fái stjórnarmenn 8.000 kr fyrir hvern fund svo og akstur skv. ríkistaxta.
Skoðunarmenn fái 10.000 kr á ári og akstur skv. ríkistaxta.
Samþykkt samhljóða

Aðalfundur BHS haldinn í Ásbyrgi 15. apríl 2010 í Ásbyrgi samþykkir reikninga BHS fyrir árið 2009 eins og þeir hafa verið lagðir fram á fundinum. *Samþykkt samhljóða*.

Gísli Magnússon kynnti tillögur búfjár- og jarðræktarnefndar:

Aðalfundur BHS haldinn í Ásbyrgi 15. apríl 2010 samþykkir að BHS haldi námskeið fyrir bændur á svæðinu í notkun á forritinu jörð.is. Einnig að fela stjórn BHS að athuga möguleika á þátttöku BHS í greiðslu vegna hey- og/eða jarðvegssýna. Aðalfundur BHS samþykkir að fela stjórn að athuga hvort peningar eru á lausu hjá BÍ í tengd verkefni. *Samþykkt samhljóða*

Aðalfundur BHS haldinn í Ásbyrgi 15. apríl 2010 samþykkir að sami afsláttur og verið hefur, verði veittur frá gjaldskrá BHS fyrir kúasæðingar frá 1. maí 2010 til 30. apríl 2011. *Samþykkt samhljóða*

Jóhann Guðmundsson kynnti eftirfarandi tillögur allsherjarnefndar:

Aðalfundur BHS haldinn í Ásbyrgi 15. apríl 2010 telur að hagsmunum Íslands og Íslendinga sé best borgið utan ESB og hafnar því alfarið aðild að sambandinu. Fundurinn skorar því á Alþingi og ríkisstjórn Íslands að draga til baka umsókn að ESB og beina öllum kröftum að uppbyggingu íslensks samfélags. *Samþykkt samhljóða*

Aðalfundur BHS haldinn í Ásbyrgi 15. apríl 2010 skorar á sveitarfélög á starfssvæði Búnaðarsambandsins að hlutast til um að til séu nýjar loftmyndir til að nýta við hnitsetningu landamerkja. Greinargerð: Þjóðlendukröfur ríkisins fara að koma fram á svæði BHS og loftmyndir eru nauðsynlegar við hnitsetningu til að styrkja málstað landeigenda á svæðinu. Eins nýtast góðar loftmyndir við alla skipulagsvinnu á vegum einstaklinga og sveitarfélaga. *Samþykkt samhljóða*

Aðalfundur BHS haldinn í Ásbyrgi 15. apríl 2010 lýsir áhyggjum yfir skuldastöðu bænda og hvetur þar til bær stjórnvöld og fjármálastofnanir að finna viðunandi lausn á vandanum. *Samþykkt samhljóða*

Aðalfundur BHS haldinn í Ásbyrgi 15. apríl 2010 lýsir þungum áhyggjum yfir þeirri stöðu sem upp er komin vegna stofnfjárkaupa aðila á starfssvæði BHS í Sparisjóði Húnaþings og Stranda (Sparisjóði Keflavíkur). Fundurinn hvetur stjórnvöld til að taka á málinu út frá byggðasjónarmiðum. *Samþykkt með þorra atkvæða gegn einu*

Kosningar

Tveir aðalmenn í stjórn BHS til þriggja ára og tveir til vara. Linda Ævarsdóttir gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu.

Stungið var upp á Jóni Gíslasyni, Stóra-Búrfelli og Magnúsi Guðmannssyni sem aðalmönnum í stjórn. Til vara Jakob Sigurjónsson og Jón Kristófer Sverrisson. Ekki komu fram aðrar tillögur og voru þau kjörin með lófataki.

Tveir skoðunarmenn reikninga til eins árs og tveir til vara. Stungið var upp á Rafni Benediktssyni og Ólafi B. Óskarssyni sem skoðunarmönnum og til vara Máni Laxdal og Rafn Sigurbjörnsson. Ekki komu fram aðrar tillögur og voru þeir kjörnir með lófataki.

Önnur mál

Matthías Lýðsson tók til máls og ræddi verð á æðardúni. Einnig ræddi hann samanburð á innfluttum girðingarstaurum og rekaviðarstaurum.

Jón Gíslason þakkaði Lindu Ævarsdóttur gott samstarf í stjórn og bauð jafnframt Magnús Guðmannsson velkominn í hana. Hann þakkaði jafnframt stuðning til hans til áframhaldandi stjórnarsetu.

Ekki kváðu sér fleiri hljóðs og þakkaði fundarstjóri því fundarmönnum fyrir góðan fund, matráðskonum fyrir góðar veitingar og sleit fundi.

Anna Margrét Jónsdóttir, fundarritari